

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. *Breyting á deiliskipulagi spildu úr landi Þingdals.*
Í breytingunni er gert ráð fyrir einu um 11,7 ha landbúnaðarlandi (lögbyli) og 9 stórum frístundahúsalóðum á um 48,4 ha svæði þar sem heimilt verður að reisa frístundahús og hesthús á hverri lóð.
Samþykkt í sveitarstjórn 2. nóvember 2011.
2. *Deiliskipulag 10 ha spildu umhverfis bæjartorfu Dalbæjar.*
Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur byggingarreitum, annars vegar fyrir allt að 180 m² íbúðarhúsi og hins vegar fyrir allt að 1.000 m² hesthúsi.
Samþykkt í sveitarstjórn 7. desember 2011.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 21. maí 2012.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.